

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Íslenska sem annað mál

Orðaleitir í íslensku sem öðru máli

Um neitun tilgátna í orðaleitum

Ritgerð til B.A.-prófs í íslensku sem öðru máli

Asta Loa My Madslund

Kt.: 301292-3769

Leiðbeinandi: Guðrún Theodórsdóttir

Desember 2017

Ágrip

Í þessari ritgerð var með gagnadrifinni rannsóknaraðferðinni samtalsgreiningu (e. *Conversation Analysis, CA*) skoðuð máltileinkun nokkurra Dana með íslensku að öðru máli. Í gögnunum fannst fyrirbæri sem hefur ekki verið rannsakað hingað til eftir því sem ég veit best. Þessu fyrirbæri má lýsa þannig: Í fyrstu lotu kemur fram orðaleit sem sami málhafi svarar í næstu lotu með því að koma með tilgátu. Á eftir tilgátunni er stutt þögn og svo *nei*. Aðalviðfangsefni þessarar rigerðar varð þannig þessi formgerð *tilgáta > þögn > nei*, og skoðað var í því samhengi viðbrögð viðmælanda, hlutverk neitunnar, ástæða mælanda til þess að nota þessa formgerð og hvort þessi formgerð sé bundin við annað mál. Í ljós kom að viðmælendur tóku yfirleitt ekki þátt í orðaleitinni eftir framkomu þessarar formgerðar, sem gæti bent til þess að engin ástæða var til þess að viðmælendur tæku þátt. Enn frekar gæti þetta bent til þess að þessi formgerð gegni því hlutverki að bjarga andliti (e. *saving face*) mælandans. Þar að auki kom í ljós að móðurmálshafi notaði formgerðina í gögnunum og þetta bendir þess vegna til þess að hún sé ekki bundin við annað mál. Hins vegar er þörf fyrir að rannsaka fleiri málhafa, annarsmálshafa ásamt móðurmálshafa til að staðfesta það.¹

¹ Ég vil þakka leiðbeinda mínum Guðrúnu Theodórsdóttur fyrir stuðning, ábendingar og yfirlestur, og Eyrúnu Ellý Valsdóttur fyrir yfirlestur ritgerðarinnar.

Efnisyfirlit

ÁGRIP	2
EFNISYFIRLIT	3
1. INNGANGUR	4
2. RANNSÓKNARAÐFERÐ	5
2.1 SKILGREINING Á NOKKRUM HUGTÖKUM	7
3. ÞÁTTTAKENDUR OG GÖGN	13
4. GAGNAGREINING	14
4.1 DÆMI 1: SKRIFBORD	14
4.1.1 Dæmi 1a: skrifabor	14
4.1.2 Dæmi 1b: borðtennis.....	19
4.1.3: Dæmi 1c: fússball?	21
4.1.4: Dæmi 1d: skrifbor?.....	22
4.2 DÆMI 2: ÍLLA EÐA VOND	25
4.3 DÆMI 3: TRÚÐUR.....	26
4.4 DÆMI 4: HESTAR ERU EKKI MEÐ HALA.....	28
4.5 DÆMI 5: GARDÍNA.....	32
5. UMRÆÐA OG NIÐURLAG	33
HEIMILDIR	34
LISTI YFIR TÁKN.....	36

1. Inngangur

Í þessari ritgerð var gerð rannsókn á fjórum Dönum með íslensku að öðru máli. Í rannsóknarvinnunni var samtalsgreining notuð (e. *Conversation Analysis, CA*) og þá sérstaklega samtalsgreining fyrir tileinkun annars máls (e. *CA-for-SLA, Conversation Analysis for Second Language Acquisition*). Samtalsgreining er gagnadrifin aðferð og upphafsreitur þessarar rannsóknar var að skoða upptökur af samtölum málhafa með íslensku að öðru máli. Við þessa skoðun fannst athyglisvert fyrirbæri sem hingað til ekki hefur verið rannsakað. Fyrirbærið felst í formgerð sem kemur fram í orðaleitum (e. *word search*) og er notuð af þrem mismunandi málhöfum í gögnunum, einu barni með íslensku að móðurmáli og tveimur Dönum. Formgerðin er hér á eftir skilgreind sem *tilgáta* (e. *candidate*) > *þögn* > *nei* og var sérstaklega tíð hjá einum annarsmálshafa. Hér varpar mælandinn fram tilgátu í orðaleit, síðan kemur örstutt þögn og svo segir mælandinn sjálfur *nei* eins og hann vilji neita tilgátunni áður en viðmælandinn geti samþykkt eða lagfært (e. *repair*) hana.

Við fyrstu sýn virtist þessi formgerð algerlega eðlileg eða það sem félagsháttafræðin (e. *ethnomethodology*) lýsir sem: „*seen but unnoticed*” (Garfinkel, 1967; Seedhouse, 2004). Það sem vakti athygli við nánari skoðun var í fyrsta lagi orðaleitin sjálf, en þegar nánar var athugað kom í ljós að þessi formgerð er ekki svo auðskilgreind – af hverju ætti mælandinn að neita sinni eigin tilgátu áður en það hafi verið komist að því hvort hún sé rétt eða röng í samhenginu? Hvernig bregðast viðmælendur við í þessum samtölum? Hvaða hlutverki gegnir þessi neitun tilgátna í orðaleitum og er þetta fyrirbæri sem er bundið við annað mál?

Þetta eru nokkrar spurningar sem ég mun reyna að svara í þessari ritgerð. Fyrst mun vera fjallað um rannsóknaraðferðina sem var notuð, þ.e. samtalsgreiningu og samtalsgreiningu fyrir tileinkun annars máls. Þar að auki munu nokkur hugtök vera skilgreind og sagt verður aðeins frá þátttakendum rannsóknarinnar og gögnunum sem hér voru notuð. Síðan verður farið í greiningu gagna þar sem litið verður á fimm runum úr gögnunum sem innihalda allar eitt eða fleiri dæmi um formgerðina *tilgáta* > *þögn* > *nei*. Í umræðunni verða teknar saman niðurstöðurnar úr gagnagreiningunni og hér er einnig reynt að svara ofangreindum spurningum. En þar kemur fram að aðeins í tveimur dæmi (1a og 1d) tekur viðmælandinn virkan þátt í orðaleitinni eftir að mælandinn hafi komið með formgerðina sem er aðalviðfangsefni þessarar ritgerðar. Hér er þá um að ræða annarslagfæringu (e. *other-initiated repair*, Schegloff, Jefferson og Sacks, 1977) sem er

óalgengari tegund lagfæringar heldur en sjálfslagfæring (e. *self-initiated repair*) (sbr. Schegloff, Jefferson og Sacks, 1977). Þetta er áhugavert vegna þess að það bendir til þess að viðmælendur í flestum tilfellum skilur neitun tilgátna í þessu umhverfi sem lok orðaleitarinnar hvort sem tilgátan hafi verið rétt eða röng. Þannig bendir þetta enn frekar til þess að ekki skiptir máli hvort viðmælandinn samþykki eða lagfærir tilgátuna og þá gæti þessi neitun tilgátna haft einhvers konar félagsleg gildi í samskiptum. Svoleiðis félagsleg gildi gæti verið að mælandinn með því að neita tilgátunni „bjargar andliti” sínu (e. *saving face*) og er þannig fyrirfram sammála viðmælandanum hvað sem svar hans verður. Þá er hlutverk neitunnar hvorki málfræðilegt eða efnislegt heldur frekar félagslegt. Hér fyrir neðan verður þetta kannað frekar.

2. Rannsóknaraðferð

Samtalsgreining er rannsóknaraðferð sem á rætur sínar að rekja til þess sem á íslensku mætti kalla félagsháttafræði (e. *ethnomethodology*). Félagsfræðingurinn Harvey Sacks frá Háskólanum í Kaliforníu er upphafsmaður samtalsgreiningar og skrifaði ásamt kollegum sínum, Emanuel Schegloff og Gail Jefferson, greinar á árunum 1974–1977 sem urðu grundvöllur samtalsgreiningar eins og hún er í dag. Aðferðin er ekki einungis notuð í annarsmálsfræðum heldur einnig í félagsfræðum, málvísindum o.fl. Með samtalsgreiningu er hægt að skoða þær óskrifuðu reglur sem gilda milli manna í öllum samfélögum; hægt er að komast að því hvernig samtöl eru byggð upp og hvaða reglur gilda um uppbyggingu þeirra. Auk þess er hægt að skoða talmál ítarlega sem er áhugavert fyrir málfræðinga og mikilvægt til þess að kortleggja tungumál (sbr. Þórunn Blöndal, 2005:98–99).

Samtalsgreining hefur reynst mjög vel til að rannsaka tileinkun annars máls og er oft vísað til þess með hugtakinu samtalsgreining fyrir tileinkun annars máls sem var nefnt hér að ofan (sbr. Brouwer, 2003; Eskildsen og Theodórsdóttir, 2017; Eskildsen og Wagner, 2015; Færch og Kasper, 1983; Theodórsdóttir, 2011a,b; Kurhila, 2001; Lilja, 2014; Wong, 2000). Með samtalsgreiningu er hægt að rannsaka hvernig annarsmálsnemar (e. *L2 Learners*) tileinka sér málið, ekki bara innan kennslustofunnar heldur líka utan hennar í því sem mætti kalla hið „villta“ umhverfi (sbr. Eskildsen og Theodórsdóttir, 2017; Theodórsdóttir, 2011a,b). Öfugt við nema sem læra erlent mál hafa

annarsmálsnemar möguleika á að fara út í samfélagið og nota tungumálið sem þeir tileinka sér. Í samtalsgreiningu fyrir tileinkun annars máls er því gengið út frá því að tileinkun annars máls sé í eðli sínu félagsleg og eigi sér stað í samskiptum. Áhugi fræðimanna hefur aukist á því hvernig annarsmálsnemar nota umhverfi sitt bæði innan og utan kennslustofunnar til þess að búa sér til tækifæri til þess að læra. Rannsóknir á samskiptum hafa sýnt að utan kennslustofunnar verður áhersla á tungumálanám og efni samtals samtvinnað:

An examination of the activities of both participants through the course of the interaction reveals a cohabitation of the topical and the linguistic issues, where orientation to linguistic matters is within the scope of the topical interaction. (Guðrún Theodórsdóttir 2011b:94)

Í þessari ritgerð verður skoðað fyrirbæri sem að nokkru leyti er sambærilegt við annað fyrirbæri sem Jean Wong (2000) skrifaði grein um. Í grein sinni ræddi hún um notkun *yeah* í samtölum milli málhafa sem tala ensku sem annað mál og málhafa með ensku að móðurmáli. *Yeah* (áður flokkað sem endurgjöf, eða sem *non-lexical speech perturbation*), kemur fram í miðri segð þar sem lotuinnfelld lagfæring (e. *same turn repair*, Schegloff, 1979) á sér stað hjá annarsmálshöfunum. Wong fann dæmi um fleiri mismunandi tegundir lagfæringar en formgerð fyrirbærisins er á þennan veg:



Wong segir að *yeah* hafi frekar „félagslegt“ hlutverk heldur en hlutverk lagfæringar:

To this end, the token yeah possibly serves as a self-presentational display. The nonnative speaker, in effect, presents an image to the recipient as one who is completely managing language deficiencies, as one who is “attentive and aware” throughout the disfluency (and its repair). (Wong, 2000, bls. 60)

Auk þess er í greininni bent á því að þeir sem tala annað tungumál í samskiptum við fólk sem talar móðurmál sitt séu í meiri „áhættu“ og frekari pressa sé á herðum

annarsmálsnema á að sannfæra aðra um að þeir séu færir málnotendur. Þetta er sambærilegt við formgerðina sem rannsökuð var í þessari ritgerð.

Aðalmarkmið allra þátttakanda í samskiptum er að koma skilaboðum sínum áleiðis – að skilja og vera skilinn af viðtakanda sínum. Þess vegna er áhugavert að skoða hvernig vandamál með tungumálið sjálft getur tafið samræður og hvernig – og hvort – þátttakendur vinna saman til að leysa vandann. Megináhersla í þessari ritgerð var hins vegar á annarsmálsnema (eða „annarsmálshafa“ eins og vísað mun vera til þátttakenda rannsóknarinnar) í samræðum við fólk sem hefur íslensku að móðurmáli.

Þeir sem nota samtalsgreiningu til að rannsaka tileinkun annars máls safna gögnum sem hafa í gegnum tíðina aðallega verið hljóðupptökur á segulbandi. Í seinni tíð hefur þó orðið vinsælla að nota einnig upptökur á myndbandi. Aðferðin er gagnadrifin. Þ.e.a.s. rannsakendur reyna að fara að gögnunum með opnum hug án þess að hafa ákveðið fyrirfram hvað þeir eru að rannsaka – þeir láta gögnin segja sér hvað er áhugavert, þeir leita ekki endilega að einhverju sem þeir vilja sanna eða afsanna.

Samtalsgreining notar innra sjónarhorn (e. *emic perspective*) þ.e.a.s. rannsakandinn setur sig í spor viðmælenda og skoðar hvernig þeir skilja hvor/hver annan.

Rannsóknir í samtalsgreiningu byggja þess vegna á mjög nákvæmri skráningu gagnanna og síðan hlustun á því sem er sagt. En ekki er nóg að hlusta bara á orðin í samtalinu, mörg önnur atriði koma til sögunnar þegar þessar upptökur eru skoðaðar eins og til dæmis hikorð, lenging á sérhljóðum, þagnir og líkamstjáning (e. *gestures*). Sum þessara hugtaka krefjast frekari útskýringar og hér á eftir mun ég fjalla um nokkur hugtök sem ég notaði í rannsókn minni.

2.1 Skilgreining á nokkrum hugtökum

Vegna þess að samtalsgreining er tiltölulega ný aðferð hafa enn ekki öll hugtök verið þýdd á íslensku en hér verður að mestu leyti miðað við skilgreiningar Þórunnar Blöndal úr bók hennar *Lifandi mál* (2005).

Í fyrsta lagi má taka fram að það skiptir máli hvort þátttakendur í samtali hafi allir sambærilega þekkingu á þjóðfélaginu (þetta er á ensku kallað *membership knowledge*). Þátttakendur í samtalinu verða að hafa oftast nokkuð sambærilega þekkingu á fyrrnefndum óskrifuðu reglum sem gilda um samtöl og hegðun gagnvart öðru fólki. Þetta má því greina sem einhvers konar almenna þekkingu sem allir í samfélaginu verða að búa yfir til þess að geta virkað í félagslegum samskiptum. Óskrifðar reglur sem gilda í slíkum

samskiptum eru m.a. að einn talar í einu (yfirleitt) og reglurnar koma einnig fram í „föstum“ runum (e. *sequence*) eins og t.d.

Dæmi A: sveppi?

- 161 *BE: rétta mér (1.5) sv- (0.3) sveppi?
162 (.)
163 *EM: sveppi?
164 *BE: já ☺
165 *EM: ☺ haha (0.4) gjörðu svo vel ☺
166 *BE: þakka þér fyrir

Með hugtakinu runa er átt við eina eða fleiri lotur (e. *turn*) sem hanga að einhverju leyti saman eins og í dæmi A hér fyrir ofan. Ein lota getur verið allt frá einu orði og til einnar eða nokkurra setninga. Þar að auki geta tvær lotur hangið saman í svokölluðum lotupörum (e. *adjacency pair*) (sbr. Hutchby og Wooffitt, 2008, bls. 43). Til dæmis myndi vera eðlilegt að ganga út frá því að línurnar 165 og 166 í dæmi A hangi saman í lotupari vegna þess að hér er um að ræða einhvers konar þjónustusamband: Emma (EM) hlær og segir: *gjörðu svo vel* (lína 165). Þetta er kallaður fyrripartur af lotupari. Benni kemur strax með seinniþartinn af lotuparinu í línu 166: *þakka þér fyrir*. Auk þess mætti segja að lotuparið sem eru línurnar 163 og 164 sé innskotsruna (e. *insert sequence*) sem merkir að runu sé skotið inn á milli fyrriþarts og seinniþarts af lotupari. Hér þarf Emma að fá svar við spurningu sinni: *sveppi?* (lína 163 – fyrripartur) áður en samtalið getur haldið áfram. Benni skilur það greinilega því að hann svarar strax: *já* (lína 164) og þar með er kominn seinniþartur af lotuparinu og samtalið getur haldið áfram.

Einnig skiptir máli að líta á uppbyggingu lota. Ein lota er byggð upp af lotueiningum (e. *turn constructional unit, TCU* (Sacks, Schegloff, og Jefferson, 1974)), til dæmis getur lotueining verið stakt orð eins og við sjáum í dæminu fyrir neðan í línu 151 þar sem lota Emmu er ein lotueining sem inniheldur orðið *okay*:

Dæmi B: frímínútur:

- 143 *EM: °hvað varst þú að gera aðalsteinn í skólan°
144 (0.9)
145 *ST: m: (2.9) fór í (0.7) frímínútur eins og alltaf

146 (2.2)
 147 *EM: hm
 148 (0.7)
 149 *ST: var í frímínútum eins og alltaf
 150 (0.8)
 151 *EM: okay
 152 (4.3)
 153 *BE: va- [varstu] bara í frímínútum (1.2)
 154 *BE: það er (.) held að s[é ekki líklegt] sv-
 155 *EM: [varstu að lesa?]
 156 *ST: [og svo]
 157 (1.7)
 158 *ST: mm

Auk þess getur lotueining verið heil setning og lota getur innihaldið fleiri lotueiningar eins og í línunum 153-154 þar sem Benni segir *va- varstu bara í frímínútum* síðan kemur þögn í rúma sekúndu sem er skiptistöð (e. *transition-relevance place, TRP* (Sacks, Schegloff, og Jefferson, 1974)). Skiptistöð er hugtak notað um þann stað í lotu sem gefur tækifæri til þess að viðmælandi geti tekið við orðið. Hér tekur hins vegar Steinn (ST) ekki við strax og Benni kemur með aðra lotueiningu í línu 154: *það er (.) held að sé ekki líklegt*. Á eftir þessari lotueiningu er einnig skiptistöð sem er yfirleitt staðsett á mörkum lotueininga. Lotueiningar og skiptistöðvar eru grundvallarhugtök í samtalsgreiningu vegna þess að við sjáum skýrt hvernig þátttakendur samtals vita hvenær skiptistöðvarnar koma, t.d. í línu 145 eru tvær langar þagnir í lotu Steins *m: (2.9) fór í (0.7) frímínútur eins og alltaf*. Þó að Steinn taki sér svo langar pásur koma samt ekki viðmælendur hans inn í samtalið fyrr en hann hefur klárað lotueininguna sína.

Lotuskipti (e. *turn taking*) er það kallað þegar þátttakendur samtalsins skiptast á að hafa orðið eins og í dæmunum fyrir ofan (sbr. Þórunn Blöndal, 2005, 112). Það getur að sjálfsögðu gerst að tveir eða fleiri þátttakendur í samtali byrja að tala í einu, t.d. vegna þess að einn þátttakandinn hélt að hinn hafi verið búinn að tala, þetta kallast á íslensku skörun (e. *overlap*) (sbr. Þórunn Blöndal, 2005, bls. 126). Í dæmi B fyrir ofan sjáum við dæmi um skörun í línunum 154 og 156 þar sem Steinn segir *og svo* (lína 156) í skörun við tal Benna í línu 154: *sé ekki líklegt*.

Hugtökin sem hér hafa komið fram eru grundvallarhugtök samtalsgreiningar. Auk fyrrnefndra hugtaka eru nokkrar „aðgerðir“ sem málnotendur nota t.d. orðaleit (e. *word search*). Í þessari ritgerð verður áhersla einmitt lögð á orðaleitir og þá sérstaklega orðaleitir hjá annarsmálsnemunum. Orðaleitum má lýsa þannig að mælandinn gefur á einhvern hátt til kynna að hann er í vandræðum; annaðhvort með beinum hætti: *hvað heitir það?* eða þá óbeinum þ.e.a.s. því sem á ensku kallast *non-lexical speech perturbations* og mætti þýða sem ýmist lengingu á sérhljóðum, *uuuh*, þagnir eða hikorðið *hérna*. Til eru mismunandi flokkar af orðaleitum og Brouwer skrifar í grein sinni frá 2003 um þrjár tegundir orðaleita: „*Lexical items may be unavailable, lexical items may be irretrievable, or the context may call for a communication strategy.*“ (bls. 536). Brouwer bendir auk þess á að þekking þátttakenda (e. *membership knowledge*) skiptir máli:

Although each word search has its particularities, word searches as a species of social practices have several traits in common that make them distinct from other types of practices. Furthermore, because word searches seem to have a format, they can be identified by the participants in the interaction, as well as by the analyst. Moreover, participants in an interaction are able to recognize the traits of a word search sequence as it unfolds, and thereby engage in building such sequences (bls. 537)

Þannig er það í eðli orðaleita að þær eru auðsjáanlegar í samtali og þátttakendur samtalsins gera sér fljótlega grein fyrir því að sá sem talar er í vandræðum. Það er þó alls ekki alltaf að einhver kemur til aðstoðar strax. Almenn þekking okkar í samtali segir okkur nefnilega að aðstoðar okkar er ekki alltaf óskað í orðaleitum. Þessu má lýsa með nokkrum hugtökum; orðaleitin getur verið ýmist sjálfsprottin (e. *self-initiated*) eða annarssprottin (e. *other-initiated*). Þessi hugtök hafa Schegloff, Jefferson og Sacks fjallað um í grein sinni frá 1977 og Brouwer talar um orðaleitir sem tegund lagfæringar (e. *repair*) sem getur annaðhvort sprottið frá talandanum sjálfum (sjálfsprottin) eða einhver annar þátttakandi samtalsins getur t.d. beðið um leiðréttingu (annarssprottin). Í greiningu þessarar ritgerðar er gengið út frá því að í orðaleitum sé annars vegar uppspretta lagfæringarinnar (e. *repair-initiation*) og síðan niðurstaða lagfæringarinnar (e. *repair-outcome*):

[D]istinction between repair-initiation and repair-outcome. This distinction is motivated by the fact that repair is a sequential phenomenon involving repair-‘segments’ in the

course of ongoing talk – segments which have an organization of their own, including, as segment parts, ‘initiation’ and ‘outcome’. (Schegloff, Jefferson og Sacks, 1977, bls. 365)

Lagfæringin sjálf getur auk þess að vera annaðhvort sjálf- eða annarsprottin verið framkvæmd af þeim sem talar: sjálfslagfæring (e. *self-repair*) eða framkvæmd af öðrum í samtalinu: annarslagfæring (e. *other-repair*). Þannig erum við með fjóra möguleika; í fyrsta lagi sjálfssprottna sjálfslagfæringu (í dæmunum C-F hér framar er línan þar sem dæmið byrjar merkt með →):

Dæmi C: myndavél

→ 470 *EM: það (.) ég er með myndavélin (.) myndavélina mína (1.3)
471 [hérna]
472 *ST: ∞ [ég] vissi það ∞

Hér sjáum við í línu 470 að Emma lagfærir með sjálfsprottinni lagfæringu (e. *self-initiation of repair*) með því að taka örstutta pásu eftir fyrstu tilraun sína: *myndavélin* og endurtekur síðan orðið með sjálfslagfæringu: *myndavélina mína*. Hér lagfærir Emma þannig fallið á orðinu *myndavélin* og kemur með þolfall í stað nefnifalls.

Í öðru lagi er til sjálfssprottin annarslagfæring. Í dæmi D hér fyrir neðan er Emma búin að segja frá því að henni finnst skemmtilegt að hlusta á útvarpsstöðina „retro” þegar hún er að keyra, síðan segir hún í dæminu frá því að önnur skemmtileg útvarpsstöð heitir eitthvað með „eighties”:

Dæmi D: eighties eða flashback

→ 202 *EM og það er líka: (0.8) uh (0.9) k- ch- channel (1.1) sem heita:
203 eitthvað með eighties
204 (1.8)
205 *BE: flashback (0.4) er það ekki?
206 (0.3)
207 *EM: uh nei það heita bara eighties
208 (0.5)
209 *BE: heitir það bara eighties?
210 *EM: ∞já∞

Hér kemur fyrst sjálfsprottin sjálfslagfæring í línu 202: *og það er líka: (0.8) uh (0.9) k-ch- channel (1.1)* þar sem Emma leitar að orðinu fyrir *channel* en endar á því að nota tungumálaskipti og notast við enska orðið. Síðan byrjar hún aftur í sömu línu (202-203) á sjálfsuppspretta lagfæringar: *sem heita: eitthvað með eighties*. Við sjáum uppsprettuna í lengingunni á sérhljóðinu *a* í orðinu *heita*, og þar að auki skilur Benni lotu hennar sem uppsprettu lagfæringar því hann lagfærir orðið *eighties* í línu 205 eftir nánast tveggja sekúndna þögn: *flashback* en biður síðan um staðfestingu á lagfæringu sinni í sömu línu eftir stutta þögn: *er það ekki?* En Emma segir að stöðin heitir bara *eighties* í línu 207: *uh nei það heita bara eighties*, síðan kemur Benni með já/nei-spurningu í línu 209: *heitir það bara eighties?* sem Emma svarar með *já* á innsoginu í línu 210. Sjálfsuppsretta lagfæringar fengum við þannig í línu 202-203: *sem heita: eitthvað með eight* og annarslagfæringin í línu 205: *flashback*.

Í þriðja lagi höfum við annarsprottna sjálfslagfæringu:

Dæmi E: opið hús

- 104 *DI: æj það bara ég var spá við geta skoðað þetta á laugardag
 105 þegar við er að fara anyway
 → 106 *VA: uhm opið hús
 107 (1.2)
 108 *DI: uhjá (0.6) nei það er ekkert opið hús en við geta bara gera (0.5)
 109 °þúveist° (2.6) hafa
 110 (1.9) ((eitthvað fært til))
 111 *VA: mhm?
 112 *DI: stefnumót? eða hvað segir ☺ maður ☺
 113 (.)
 114 *VA: já

Annarsuppsprettan (e. *other-initiation of repair*) kemur fram hjá Valdimar (VA) í línu 106: *uhm opið hús* eftir að Dina (DI) hefur sagt í línu 104–105 að þau geti farið að skoða húsið, sem þau eru að skoða í tölvunni þegar samtalið á sér stað, á laugardaginn. Lota Valdimars er spurning vegna þess að Dina skilur hana sem spurningu, við sjáum það í því að Dina kemur með svar í næstu lotu sinni: *uhjá (0.6) nei það er ekkert opið hús en við geta bara gera (0.5) °þúveist° (2.6) hafa*. Hér kemur hún fyrst með svarið *já*, en kemur

síðan með sjálfslagfæringu: *nei* (...) og fer að útskýra að þau geti væntanlega átt stefnumót við fasteignasalann. Í þessu tilviki snertir lagfæringin ekki málfarsleg atriði heldur efnisleg.

Í fjórða lagi kemur til greina annarsprottin annarslagfæring sem stundum er nefnt leiðrétting (e. *correction*)

Dæmi F: skrifaborð

349 *ST: ja::á þú mátt segja það en það heitir skrif (.) ta (.) bo[rð]
→ 350 *BE: [s]krifborð
351 (.)
352 *EM: bara skrif? (.) bor(ð),

Hér sjáum við að Benni kemur með annarsuppsprettu lagfæringar og annarslagfæringuna í einu og sama orðinu: *skrifborð* (lína 350) þegar sonur hans, Steinn (ST) segir *skrifaborð* (lína 349). Lagfæringin er svokölluð *en-passant* lagfæring (Kurhila, 2001) sem er hönnuð til þess að hafa sem minnst áhrif á framvindu samtalsins.

Langalgengasta form lagfæringar er sjálfslagfæring. Um þetta skrifuðu einnig Schegloff, Jefferson og Sacks í grein sinni 1977:

[T]he organization of repair in conversation provides centrally for self-correction, which can be arrived at by the alternative routes of self-initiation and other-initiation-routes which are themselves so organized as to favor self-initiated self-repair. (bls. 377)

Hér kemur fram að mælendur vilja alltaf frekar sjálfslagfæringu en að láta aðra leiðrétta sig.

3. Þátttakendur og gögn

Í þessari rannsókn bað ég fjóra einstaklinga með dönsku að móðurmáli að taka upp samtöl á íslensku í sínu daglega lífi. Upptökurnar sem voru hljóðupptök voru teknar upp á síma og síðan endurritaðar í CLAN, afritunarforriti. Þátttakendurnir voru fjórar konur á aldrinum 25–45 ára. Ein þeirra býr núna í Danmörku með íslenskum manni en hinar búa

allar á Íslandi. Gögnin sem notuð voru í rannsókninni eru rúm klukkustund að lengd, allt venjuleg samtöl. Mikilvægt er þó að hafa í huga að hætta er á því þegar þátttakendur rannsóknar taka sjálfir upp dagleg samtöl að þeir sem tala saman séu meðvitaðir um upptökutækið og þess vegna verði samtölin e.t.v. ekki eins og eðlileg frjáls samtöl. Þrátt fyrir það voru mörg dæmi í gögnunum um eðlilegar samræður þar sem umræðuefni og aðstæður taka yfir og upptökutækið gleymist (mögulega). Þar að auki er mögulegt að málhafar sem tala annað mál séu alltaf að einhverju leyti meira meðvitaðir um mál sitt heldur en málhafar sem tala móðurmál. Í öllum samtölum sem voru notuð í rannsókninni er einn málhafi sem talar íslensku sem annað tungumál.

Þegar farið var yfir gögnin fannst áhugavert fyrirbæri, hingað til órannsakað, í tveimur samtölum hjá málhafanum Emmu og eitt dæmi frá stráknum Steini. Í einu samtali ræðir Emma við kærasta sinn, Benna, og son hans, Stein (u.þ.b. 6 ára gamall). Báðir hafa þeir íslensku að móðurmáli. Auk þess fannst eitt dæmi hjá annarsmáls-hafanum Dinu þar sem hún talar við íslenska kærasta sinn. Fyrirbærið, sem hér verður skoðað nánar, kemur aðallega fram í orðaleitum.

4. Gagnagreining

Í samtölunum tveimur (Dæmi 1-4) hjá Emmu (EM) komu margar orðaleitir upp en það sem vakti athygli voru sérstaklega nokkrar orðaleitir þar sem Emma kemur fram með tilgátu (e. *candidate*) en hættir svo strax við með því að neita tilgátunni.

Í eftirfarandi samtali er Emma að borða kvöldmat með kærasta sínum og syni hans (u.þ.b. 6 ára gömlum), þau búa ekki saman. Strákurinn Steinn (ST) og kærastinn Benni (BE) hafa fyrr í samtalinu sagt frá því sem þeir hafa verið að gera í vinnunni og í skólanum og núna er Emma að segja frá deginum sínum:

4.1 Dæmi 1: Skrifborð

4.1.1 Dæmi 1a: skrifabor

286 *EM: ég var á uhm (0.3) bókasafn

287 (3.5) ((högg))

- 288 *EM: að vin[na]
 289 *BE: [hv]að varstu að gera þar
 290 (1.2) ((vatnshljóð))
 291 *EM: ég var bara að vinna í tölvuna
 292 (0.7)
 293 *BE: m[m]?
 294 *EM: [í] illustrator og inndesign
 295 (1.1)
 296 *ST: bíddu:
 297 (0.8)
 298 *EM: það heitir svona á íslensk(u) er það ekki?
 299 *ST: ertu að (.) vin[na í] (.) bókasafni
 300 *BE: [jú]
 301 (1.1)
 302 *EM: hvað heitir það á bókasafn
 303 (1.6) ((hnífapör))
 304 *ST: <bókasaf[n]>
 305 *BE: [e]rt þú að vinna á [bókasafni?]
 306 *EM: [je- ne]
 307 *BE: *ne[ei]*
 308 *EM: [ne]ei það (.) ég er bara að setja á uhm (0.7) bara svona (0.9) þor?
 309 (0.5)
 310 *EM: hvað heita það
 311 (1.1)
 → 312 *EM: skrifabor? (.) nei,
 313 (0.4)

Þessi lota byrjar á frásögn Emmu: *ég var á bókasafn* (lína 286) Hér má búast við viðbrögðum frá hlustendunum, en ekkert gerist og eftir þriggja og hálftrar sekúndu pásu heldur Emma áfram: *að vinna* (lína 288). Þetta er viðbót sem passar málfræðilega og merkingalega við lotuna (e. *increment*, Schegloff 1996). Benni kemur með spurningu: *hvað varstu að gera þar* (lína 289), það sést að þetta er spurning í fyrsta lagi vegna þess að hann byrjar spurninguna á spurnarforanafninu *hvað*, í öðru lagi vegna þess að Emma

skilur segð (e. *utterance*) hans eins og beina spurningu með því að svara henni strax í línu 291: *ég var bara að vinna í tölvuna* og Benni kemur með endurgjöf (e. *feedback*): *mm* (lína 293). Þetta kallast á ensku *next turn proof* (Kasper og Wagner 2014) – þ.e.a.s. að sýna hvernig viðmælendur skilja hver annan. Spurning Benna virðist undarleg í ljósi þess að Emma er búin að segja að hún hafi verið að vinna á bókasafninu. Svar Emmu sýnir þess vegna hvernig hún skilur spurninguna; í hverju vinnan var fölginn: *ég var að vinna í tölvuna* (lína 291). Eftir 0.7 sekúndna pásu segir Benni: *mm* sem má skilja sem tákn um skilning og staðfestingu á því að það hafi verið fullnægjandi svar við spurningu hans (lína 293). Emma heldur áfram frásögn sinni (lína 294): *í illustrator og inndesign*. Eftir stutta þögn kemur Steinn með uppsprettu lagfæringar (e. *repair initiation*), nánar tiltekið er hér um að ræða annarsprottna lagfæringu (e. *other initiation of repair* Schegloff, Jefferson og Sacks 1977) í línu 296. Við sjáum að þetta er annarsuppspretta lagfæringar vegna þess að Emma skilur það í línu 298 sem svo að eitthvað hafi farið úrskeiðis í rununni sem á undan fór og krefjist lagfæringar. Hún spyr: *það heitir svona á íslensk(u) er það ekki?* Emma endar lotu sína á rísandi tón (merkt með spurningarmerki ?) sem bendir til þess að þetta sé spurning. Spurningin krefst svars (hún er fyrri partur í lotupari 1 (e. *adjacency pair*)) en svarið kemur ekki strax því að í línu 299 kemur Steinn með aðra spurningu þ.e.a.s. annan fyrripart af lotupari (lotupar 2): *ertu að vinna í bókasafni*. En á meðan Steinn talar grípur Benni inn (lína 300) og kemur með seinni part af lotupari 1 ásamt svari við spurningunni úr línu 298: *jú*. Lota Benna er svar við þessari spurningu en ekki þeirri næstu vegna þess að spurningin í línu 298 endar á *er það ekki?* og við búumst einmitt við svarinu *jú* (lína 300) vegna þess að Emma hefði getað endað lotuna sína á staðhæfingunni: *það heitir svona á íslensku* en heldur áfram og bætir við: *er það ekki?* með rísandi tón sem gefur til kynna að hún vilji fá staðfestingu á að fullyrðing hennar sé rétt. Þetta má flokka sem væntingar okkar til ákveðins svars (e. *preference*, Schegloff, Jefferson og Sacks 1977). Lotupar 1 gæti verið innfelld runa (e. *insertion sequence*) sem merkir að lotupar kemur á milli fyrri og seinni parta annars lotupars (hér lotupar 2), það má færa rök fyrir því með því að líta á uppsprettu lagfæringar Steins í línu 296 sem hluta af fyrripartinum: ***bíddu:*** *ertu að vinna í bókasafni?*

Hingað til hefur samtalið verið þrungið spennu: Emma hefur hafið frásögn af því sem hún hafði verið að gera fyrr um daginn en við sjáum að hún lendir fljótlega í vandræðum, Steinn kemur með annarsuppsprettu lagfæringar og í framhaldinu verður umræðuefnið aðeins annað en það sem Emma ætlaði sér að koma á framfæri eins og við eigum eftir að sjá.

Eftir þögn í rúmlega sekúndu segir Emma: *hvað heitir það á bókasafn* (lína 302) – hún byrjar lotunni á spurnarfornafninu *hvað*, sem gæti bent til þess að hún sé að spyrgja viðmælendur sína spurningar, en hins vegar virðast Steinn og Benni ekki skilja lotu hennar sem beina spurningu. Í fyrsta lagi leggur Emma nefnilega sérstaka áherslu á forsetninguna *á* í lotunni sinni og í öðru lagi virðist Steinn skilja lotu hennar sem sjálfsuppsprettu lagfæringar og reynir að koma með tilgátu (e. *candidate*) (lína 304) með því að nota endurtekningu að hluta til (e. *partial repetition*): *bókasafn* (Lilja 2014). Endurtekning hans er sögð áberandi hægar (merkt með hornsviga < >) og hann virðist ekki skilja áhersluna á forsetningunni hjá Emmu sem uppsprettu lagfæringar frekar en framburð Emmu á orðinu *bókasafn*. Hins vegar virðist Benni skilja þessa sérstaka áherslu á forsetninguna því að í næstu lotu sinni (lína 305) leggur hann einnig áherslu á forsetninguna *á*: *ert þú að vinna á bókasafni?* Það má þess vegna skilja þessa áherslu sem innifalda lagfæringu (e. *embedded repair*) á máli Steins sem notaði forsetninguna *í* en ekki *á* í spurningu sinni. Það er þó einnig hægt að skilja lotu Benna sem beina spurningu, og það gerir Emma, hún kemur nefnilega strax með svarið í línu 306: *nei*. Það má þess vegna segja að þetta svar í línu 306 er seinniparturinn af lotupari 1 (línur 299, 296 og 306).

Á milli fyrri og seinni parts lotuparsins kemur þá innfelld runa sem inniheldur annarssprottna annarslagfæringu þar sem Steinn er með vandræðalotuna (e. *trouble source turn, TST*) í línu 299. Emma er með uppsprettu lagfæringar í línu 302 þar sem hún leggur áhersluna á forsetninguna *á*, Steinn kemur með tilgátu í línu 304: *bókasafn*. Benni kemur með svar í línu 305 og komist verður að niðurstöðu (e. *outcome*) spurningarinnar úr línu 299 í línu 306: *nei (ég er ekki að vinna á bókasafni)*.

Spurningin kemur þó ekki upprunalega frá Benna heldur frá Steini og þetta undirstrikast í því að Benni bergmálar Emmu í línu 307: **nei** með aukinni áherslu og brakandi tónfalli (e. *creaky voice*) táknað með (stjörnu *).

Núna getur Emma þá haldið frásögn sinni áfram í línu 308: *nei það (.) ég er bara að setja á uhm (0.7) bara svona (0.9) bor?* Hér lendir hún þó strax í vandræðum þegar hún ætlar að útskýra frekar hvað hún gerði á bókasafninu. Emma er hér með vandræðalotu þar sem hún kemur með sjálfsuppsprettu lagfæringar og þegar betur er að gáð er hér byrjun á orðaleit (e. *word search*). Það sem bendir til þess að um orðaleit sé að ræða er í fyrsta lagi að Emma klárar ekki segðina sína: *ég er bara að setja á*, (lína 308) í staðinn kemur það sem á ensku er kallað *non-lexical speech perturbations* (Schegloff, Jefferson og Sacks 1977): *uhm* og síðan pása í tæpa sekúndu. Þetta segir okkur mjög skýrt að á eftir kemur

orðaleit vegna þess að þagnir, lengingar á hljóðum eða hljóð eins og *uh* hjá Schegloff (1979) eru flokkuð sem uppsprettur lagfæringar á eftirfarandi orðum (e. *prepositioned*), þ.e.a.s. *uh*, þögn eða slíkt stendur á undan vandræðaorðinu (e. *trouble-source item*) en ef t.d. hætt er við orð (e. *cut-off*) er þetta tákni um að vandræðaorðið standi á undan (e. *postpositioned*). Brouwer (2003) bætir við:

In CA, therefore, "øh" (uh) and pauses are understood as markers for searches, and stretches can be seen as preindicators of repair.

Ljóst er að hér er lagfæring á eftirfarandi orði (e. *next due*), þ.e. orðaleit, að byrja vegna þess að Emma notar hér bæði pásur og *uh*. Eftir stutta þögn gefur Emma sjálfri sér meiri tíma til að hugsa með því að nota hikorð: *bara svona* (lína 308) og eftir það er aftur tæprar sekúndu þögn. Næst kemur fyrsta tilgáta Emmu í orðaleitinni: *bor?* sem hún segir með rísandi tilraunartón (e. *try-mark*, Sacks og Schegloff 1979). Hér gæti Emma verið búin með lotuna sína og einhver annar komið henni til hjálpar, en í staðinn bætir Emma sjálf við lotuna sem er skýrt merki um að orðaleit er í gangi: *hvað heita það* (lína 310). Þetta gæti einnig verið boð til viðmælenda um að þeir megi koma til aðstoðar, en þeir koma ekki inn og þess vegna má draga þá ályktun að þeir hafi ekki fengið nógu margar vísbendingar (e. *hint*, Brouwer 2003). Emma skilur það líka þannig því að hún kemur með aðra tilgátu sína í línu 312: *skrifabor?* Þessi tilgáta er mjög athyglisverð og er sögð með rísandi tilraunartón.² Á eftir kemur örstutt þögn og Emma neitar þá strax sinni eigin tilgátu með fallandi tóni og slær hana því út af borðinu aftur. Þetta fyrirbæri mætti kalla *sjálfzneitun* vegna þess að mælandinn setur sjálfur fram neitun tilgátunnar (lína 312). Þetta er þá fyrsta dæmið um meginviðfangsefni ritgerðarinnar: formgerðin *tilgáta* > *þögn* > *nei*. Hér eru fleiri hugsanleg svör sem viðmælandinn gæti komið með, við mætti búast já/nei-svari vegna þess að tilgátan getur verið skilgreind sem já/nei-spurningu vegna þess að tilgátan er sögð með rísandi tón í fyrsta lagi, í öðru lagi vegna þess að mælandinn sjálfur skilur sína eigin tilgátu sem já/nei-spurningu með því að svara henni sjálfur með *nei*. Í fyrsta lagi væri þá hugsanlegt að viðmælandinn myndi segja *nei* og samþykkja þannig *nei* mælandans. Í öðru lagi gæti viðmælandinn sagt *jú/já* og myndi þannig samþykkja tilgátu mælandans. Auk þess væri í þriðja lagi hugsanlegt að viðmælandinn kæmi með aðra tilgátu í orðaleitinni eins og gerist í dæmi 1b hér fyrir neðan. Í því tilfelli

² Benda má á að tilgátan „skrifabor” er bein þýðing úr danska orðinu *skrivebord* sem er sögnin *að skrifa* + nafnorðið *borð*.

myndi *nei* mælandans þá líka vera samþykkt vegna þess að viðmælandinn skilur það þannig að tilgátan sem kom á undan neituninni sé tekin út af borðinu. Og þannig hefur mælandinn í öllum tilfellum bjargað andlitinu, þ.e.a.s. í öllum tilfellum verður lota mælandans samþykkt af viðmælandanum að einhverju leyti.

Strax eftir lotu Emmu kemur annað dæmi um sömu formgerð frá Steini þar sem hann kemur með aðra tilgátu að niðurstöðu í þeirri orðaleit sem Emma hefur byrjað í línu 308. Þess vegna verður tilgáta Emmu hér að beinu umræðuefni í samtalinu:

4.1.2 Dæmi 1b: borðtennis

- 314 *ST: borðtennis? (.) nei, (.) ertu að tala um borðten[nisborð eitthvað]
 315 *BE: [☺ hhhhh ☺]
 316 *EM: ☺ °ah° ☺
 317 *BE: ☺ borðtennisborð? ☺
 318 (1.0)
 319 *ST: °oka[y] °
 320 *EM: [j]á ég bara gera það
 321 (.)
 322 *ST: ??skil??
 323 (.)
 324 *BE: á bókasafninu? [það má] ekki
 325 (0.2)
 326 *EM: [já]

Hér kemur Steinn Emmu til hjálpar og setur fram tilgátu: *borðtennis? (.) nei, (.) ertu að tala um borðtennisborð eitthvað* (lína 314). Steinn setur fram tilgátuna með rísandi tilraunartón, tekur örstutta pásu og neitar síðan tilgátu sinni (sjálfsneitun). Dæmið hér er þó öðruvísi að því leyti að Steinn heldur áfram á eftir neituninni; hann merkir síðan tilgátu sína með því sem á ensku er kallað *candidate understanding* sem oft er merkt með *ertu að meina/ertu að tala um* og hann kemur aftur með tilgátu sína *borðtennisborð*. Auk þess setur hann orðið *eitthvað* aftan við tilgátuna eins og hann vilji draga ennþá meira úr tilgátunni. Áður en hann klárar lotuna sína fara Emma og Benni að hlæja og hlátur þeirra skarast við lotu Steins. Það að þau byrja að hlæja gæti verið ástæða þess að Steinn reynir

að draga frekar úr tilgátu sinni með því að nota orðið *eitthvað*. Þannig getum við núna dregið þá ályktun að Emma og Steinn séu af einhverjum ástæðum að reyna að „draga úr“ tilgátum sínum með því að nota sömu formgerðina: *tilgáta* > *þögn* > *neitun*. Þannig má segja að þau hafa komið með tilgátu sem krefst svars frá viðmælendunum. Formlega séð eru þetta já/nei spurningar. Þau hafa því gert tvennt: komið með tilgátu en jafnframt neitað henni. Þannig má segja að þau séu fyrirfram sammála svarinu sem kemur frá viðmælandanum hvort sem það er já eða nei. Það má hugsa sér að þau séu með þessu að bjarga andlitinu (e. *saving face*).

Í línu 317 endurtekur Benni með hlátursrödd tilgátu Steins: *borðtennisborð?* með rísandi tón sem hér merkir ekki tilraun heldur er tónfallið í þessu tilfelli líklega vegna þess að Steinn hefur komið Benna á óvart með þessari tilgátu. Væntanlega skilur Steinn lotu Benna sem neitun tilgátunnar, því að hann segir *okay* (lína 319), það er þess vegna ljóst að Steinn skilur ekki tónfall Benna sem spurnar-tónfall, því að þá hefðum við búist við já/nei-svari. Steinn vill kannski halda orðaleitinni áfram og er það mögulega tilgangur hans með því að segja *okay*, en Emma heldur áfram að grínast með hlátursrödd í línu 320: *já ég bara gera það*. Emma skilur greinilega tónfall Benna sem spurningu og svarar í gríni. Það sem bendir til þess að Emma sé að grínast er í fyrsta lagi að hún talar með hlátursrödd, í öðru lagi vitum við að hún var ekki að spila borðtennis vegna tilgátu hennar, *skrifabor*, svo að ef hún væri ekki að grínast væri hún að ljúga. Benni skilur svar Emmu einnig sem grín og heldur því áfram, í línu 324 segir hann með hlátursrödd: *á bókasafninu? það má ekki*. Hann merkir fyrstu lotueiningu (e. *turn constructional unit, TCU*) með rísandi tón: *á bókasafninu?* sem segir okkur að honum finnst ólíklegt að Emma hafi spilað borðtennis, hann kemur líka sjálfur með svar í hinni lotueiningunni: *það má ekki*. Þessi lotueining skarast þó við jákvætt svar Emmu í línu 325, hún hefur greinilega skilið fyrri lotueiningu Benna sem spurningu.

Í dæmi 1b höfum við þannig séð annað dæmið um formgerðina sem hér er til skoðunnar, hér kemur Steinn með dæmið en ekki Emma. Þannig er ljóst að þessi formgerð er ekki bundin við annað mál sem er mjög athyglisvert. Það má þó benda á það að Steinn kemur með formgerðina í næstu lotu á eftir lotu Emmu sem inniheldur fyrsta dæmið og þess vegna gæti Steinn aðeins verið að herma eftir Emmu. Þetta má rannsaka frekar. Þar að auki sjáum við hér að Benni gerir tilgátu Steins að beinu umræðuefni í samtalinu með því að endurtaka hana. Þetta er athyglisvert vegna þess að þetta er eina skiptið í gögnunum þar sem Benni gerir tilgátu í þessu umhverfi að beinu umræðuefni eins og við munum sjá síðar.

Í framhaldinu sjáum við fleiri dæmi frá Emmu:

4.1.3: Dæmi 1c: fussball?

- 327 *EM: ☹ ehmhmhah ☹ (1.3) fussball?
328 (0.4)
329 *EM: nei,
330 (0.9)
331 *ST: varstu í alvöru á borðtennis
332 (1.7)
333 *EM: nei (.) ég er bara uh að grínast
334 (.)

Í dæmi 1c hér að ofan sjáum við beint framhald af samtalinu um bókasafnið þar sem Emma heldur áfram að grínast um borðtennis. Hún hlær og kemur síðan með mögulega tilgátu að meira gríni. Tilgátan er sögð með rísandi tilraunartón (lína 327): *fussball?*³, fylgt eftir með stuttri þögn (0.4), og síðan sjálfsneitun: *nei* (lína 329). Hér er þó ekki um að ræða tilgátu að orðaleitinni sem byrjuð var fyrr í samtalinu þess vegna er Emma hér varla að slá tilgátuna út af borðinu vegna þess að tilgátan sé röng heldur e.t.v. vegna þess að hún fær ekki þau viðbrögð sem hún leitaðist eftir sem væri þá hlátur eða áframhaldandi grín. Eins og fram kom hér fyrir ofan er hér um að ræða já/nei-spurningu þar sem við mætti búast svari frá viðmælanda en með því að svara spurningunni sjálf hefur Emma loka málinu fyrirfram og þá skiptir ekki máli hvort viðmælandinn sé sammála tilgátunni eða ekki, Emma er búin að bjarga andlitinu. Að því leyti er dæmi 1c líkt dæmum 1a og 1b. Hins vegar sést hér að formgerðin *tilgáta* > *pása* > *neitun* er ekki einungis notuð í orðaleitum.

Við sjáum þess vegna að þessi tilgáta Emmu (lína 327) hefði átt að vera framhald á því gríni sem var í gangi í samtalinu en fær ekki viðbrögð og Steinn kemur í staðinn með spurningu og fyrripart á lotupari í línu 331: *varstu í alvöru á borðtennis*. Emma skilur lotuna sem spurningu og kemur strax með svarið og seinnipartinn af lotuparinu í línu 333: *nei ég er bara uh að grínast*. Steinn samþykkir svarið í línu 336: *okay*, í samhliða tali (e.

³ Benda má á það að fussball á dönsku merkir borðfótboltaspil og slík spil er oft að finna í skólum og á bókasöfnum.

overlap, Þórunn Blöndal 2005) við Benna sem endurtekur spurningu sína úr línu 289 (lína 335): *hvað varstu að gera á bókasafninu*, eins og við sjáum í framhaldinu hér að neðan:

4.1.4: Dæmi 1d: skrifbor?

- 335 *BE: hvað varstu að gera á bókas[afninu] (.) h[m?]
336 *ST: [okay]
337 *EM: [ég] v- ég var með
338 tölvuna mín[(a) ég] ég [VAR] AÐ SETJA
339 *ST: [betters]
340 *BE: [mm]
341 *ST: þú ert að (0.6) maður á að segja skrif (.) taborð
342 (1.2)
343 *EM: skrif
344 (1.0)
→ 345 *EM: skrift (.) bor?
346 (0.4)
347 *EM: nei,
348 (1.0)
349 *ST: ja::á þú mátt segja það en það heitir skrif (.) ta (.) bo[rð]
350 *BE: [s]krifborð
351 (.)
352 *EM: bara skrif? (.) bor(ð),
353 (.)
354 *BE: skrifborð
355 (0.6)
356 *EM: já
357 (0.6)
358 *ST: mm

Í dæmi 1d kemur Benni með annan fyrripart af lotupari í línu 335: *hvað varstu að gera á bókasafninu*. Eftir örstutta þögn bætir hann við *hm?* eftir að Steinn hefur samþykkt svarið við spurningu sinni úr línu 331. Benni endurtekur spurningu sína frá byrjun samtalsins í

línu 335 sem gefur Emmu tækifæri til að halda áfram frásögn sinni. Hún endurtekur að hluta til það sem hún hefur sagt áður: *ég v- ég var með tölvuna mín(a) ég ég VAR AÐ SETJA*⁴ (lína 337–338). Á meðan Emma talar gerist eitthvað sem gerist ekki oft í samtölum – frammígrip. Steinn reynir að fá orðið og skarar þannig lotu Emmu: *þetta* (lína 339). Það heyrir á Emmu að hún vill fá að klára lotuna sína (Guðrún Theodórsdóttir skrifaði um þetta í grein sinni: *Language Learning Activities in Real-Life Situations: Insisting on TCU Completion in Second Language Talk*, 2011a). Ljóst er að Emma heimtar að fá að klára lotuna sína þegar hún hækkar róminn (merkt með hástöfum). Bein frammígrip koma mjög sjaldan fram í samtölum milli fullorðinna (sbr. Þórunni Blöndal, 2005, bls. 125–127). Emma fær þó orðið og klárar lotuna sína: *ég v- ég var með tölvuna mín(a) ég ég VAR AÐ SETJA*. Benni skarar líka lotu Emmu en í þessu tilfalli með styðjandi tal/endurgjöf (lína 340): *mm*. Emma klárar þó ekki að segja frá því hvað hún var að gera á bókasafninu því að enn hefur ekki fengist niðurstaða í orðaleitina.

Í línu 341 kemur Steinn inn með mögulega niðurstöðu: *þú ert að (0.6) maður á að segja skrif (.) taborð*. Steinn gefur hér í skyn að hann viti hvað sé rétt að segja: *maður á að segja*. Niðurstaða hans er: *skriftaborð*. Hér gæti orðaleitinni verið lokið, Emma gæti tekið við orðinu *skriftaborð* og haldið áfram frásögn sinni en hún virðist dálítið óviss með það, hún notar endurtekningu að hluta: *skrif* (lína 343) svo kemur þögn í rúma sekúndu og síðan býr hún til nýja tilgátu sem hún merkir með rísandi tilraunartón: *skrift (.) bor?* (lína 345). Eftir stutta þögn neitar hún líka þessari tilgátu með fallandi tóni: *nei*, (lína 347). Hér höfum við þá fjórða dæmið um þessa sömu formgerð í þessu samtali.

Greinilegt er að Steinn skilur tilgátu Emmu einmitt sem tilgátu sem krefst svars eins og fram kom hér á undan, því að hann segir: *ja::á þú mátt segja það en það heitir skrif (.) ta (.) borð* (lína 349). Hann gerir þannig tilgátu Emmu enn einu sinni að beinu umræðuefni, hann samþykkir fyrst tilgátu hennar en lengir þó sérhljóðið *á* og segir að það sé í lagi að segja svona en að betra sé að segja eins og hann gerir: *skriftaborð*. Ljóst er af lotu Steins að hann veit að Emma er að læra íslensku vegna þess að hann lagar mál sitt að viðtakandanum (e. *recipient design*), þ.e. hann skiptir orðinu upp í atkvæði: *skrif (.) ta (.) borð*. Þessa tilraun til að koma með niðurstöðu í orðaleitina má þess vegna flokka sem *leiðréttingu* frekar en lagfæringu. Að skipta orði upp í atkvæði á slíkan hátt er eitthvað sem við tengjum frekar við samskipti milli kennara og nemanda – og Steinn hefur hér tekið að sér kennarahlutverkið. Þegar Steinn er að klára lotu sína kemur pabbi hans hins

⁴ Hún ber fram sögnina *setja* en hinir þátttakendurnir skilja hana samt.

vegar með leiðréttingu á niðurstöðu Steins í skörun (lína 350): *skrifborð*. Þessa leiðréttingu má flokka sem annarsprottna lotuinnfellda (e. *same turn*) annarslagfæringu. Þá erum við komin með það sem mætti kalla „rétt“ niðurstöðu orðaleitarinnar. Þessa niðurstöðu virðist Emma líka samþykkja og endurtekur frekar nákvæmlega (lína 352): *bara skrif? (.) bor(ð)*. Benni staðfestir að það sé rétt með því að endurtaka aftur (lína 354): *skrifborð* og Emma lýkur orðaleitinni í línu 356 með því að samþykkja að hún hafi náð orðinu: *já*. Steinn samþykkir líka (lína 358): *mm*.

Aðalatriðið í þessu samtali er að hér sjáum við fjögur dæmi af formgerðinni:



Þegar við tökum fjórða dæmið um þessa formgerð (línur 345-347) og setjum það upp í samanburði við hin þrjú dæmin í þessu samtali sést strax að hér er í fyrsta skipti brugðist við tilgátunni *skrift (.) bor?* eins og búast mætti við að viðbrögðin væru: Steinn skilur tilgátuna sem *já/nei*-spurningu og kemur með svar: (lína 349) *ja::á þú mátt segja það*.

Til að draga saman má þá benda á að í þessu samtali sáum við þrjú dæmi þar sem tilgátan verður gert að beinu umræðuefni af viðmælanda – tvisvar þar sem Steinn gerir tilgátu Emmu að beinu umræðuefni og einu sinni þar sem Benni gerir tilgátu Steins að umræðuefni. Auk þess má benda á að orðaleitin sem hér er í gangi í gegnum samtalið er dæmi um sem sjálfssprottna annarslagfæringu vegna þess að Benni kemur með niðurstöðuna (lína 350) en Emma sjálf með uppsprettuna (lína 312).

Í dæmi 2 hér á eftir notar Emma aftur sömu formgerð og greint var frá hér fyrir ofan. Það sem hér er öðruvísi er að Emma kemur strax með aðra tilgátu á eftir neituninni og er því um að ræða lotuinnfellda lagfæringu (e. *same turn repair*). Þetta er því dæmi um sjálfssprottna sjálfslagfæringu en ekki annarslagfæringu sem við sáum í dæmi 1. Í þessu samtali hefur Benni spurt Emmu hvaða bók hún hafi verið að lesa fyrir um daginn og hún sagðist hafa verið að lesa bókina *Moli og Nói*, sem er bók fyrir börn sem eru að læra að lesa. Mögulega hefur hún verið að lesa fyrir strákinn, Stein, sem við hittum í dæmi 1. Samtalið úr dæmi 2 er tekið upp seinna sama kvöld og hér eru einungis Emma og Benni tala saman. Hér vill Benni fá að vita hvort Emmu hafi fundist bókin skemmtileg (lína 263):

4.2 Dæmi 2: Illa eða vond

- 263 *BE: já var það skemmtileg bók?
264 (3.5)
→ 265 *EM: *m* ja af því ég (0.5) ég var svo (1.8) hvað heita það ill-? illa?
266 (.) nei, vond? (2.7) í það (0.6) að lesa
267 (0.4)
268 *BE: mjá::::
269 (1.0)
270 *BE: en var (.) sagan góð

Runan hér að ofan byrjar með fyrriparti af lotupari þar sem Benni spyr: *já var það skemmtileg bók?* Við sjáum að Emma skilur lotu hans sem spurningu og svarar eftir þriggja og hálfra sekúndu þögn með seinnipart af lotuparinu: **m* ja af því ég (0.5) ég var svo (línur 265)*. Hún lendir þó strax í vandræðum í lotu sinni: *(1.8) hvað heita það ill-? illa? (.) nei, vond? (2.7) í það (0.6) að lesa*. Hér kemur Emma með sjálfsuppsprettu lagfæringar sem er staðsett á undan vandræðaorðinu (e. *prepositioned*, Schegloff 1979). Uppsprettan er fólgin í því í fyrsta lagi að Emma endurtekur að hluta til með stuttri þögn á milli í fyrri hluta lotunnar: *ég (0.5) ég*, í öðru lagi kemur löng þögn (nánast tvær sekúndur) áður en hún kemur með skýrt merki um orðaleit: *hvað heita það*. Næst á eftir kemur tilgáta með rísandi tilraunartón: *ill-?* en Emma hættir þó við tilgátuna (e. *cut-off*) og endurtekur tilgátuna síðan aftur með rísandi tilraunartón: *illa?* Síðan kemur örstutt pásá, fylgt eftir af *nei*, með fallandi tóni og að lokum önnur tilgáta: *vond?* með rísandi tilraunartón. Hér gæti Benni komið inn með svar við tilgátuna eins og *já* eða hann gæti lagfært og komið með rétta niðurstöðu í orðaleitinni (sú niðurstaða gæti verið orð eins og *léleg*), en hann kemur ekki inn og eftir nærri þrjár sekúndur heldur Emma áfram: *í það (0.6) að lesa*. Benni telur orðaleitinni greinilega lokið vegna þess að eftir stutta þögn segir hann: *mjá::::* (lína 268). Þegar Emma svarar því ekki heldur hann áfram og spyr hana út í bókina í staðinn fyrir að koma með endanlega niðurstöðu í orðaleitinni: *en var (.) sagan góð?* (lína 370).

Hér sjáum við því dæmi um formgerðina *tilgáta > pásá > nei* í lotuinnfelldri lagfæringu þar sem sjálfsuppsprettu lagfæringarinnar og niðurstaða orðaleitarinnar koma í sömu lotu (lína 265–266), þó að Emma sé kannski ekki alveg sannfærð um að hún hafi notað rétta orðið; við sjáum þetta í því að síðasta tilgáta hennar *vond?*, sem gegnir einnig

hlutverki niðurstöðu orðaleitarinnar, er sögð með rísandi tilraunartón. Samt gerir Benni ekki tilgátu Emmu að beinu umræðuefni með því að lagfæra eða samþykkja tilgátuna eins og við sáum Steinn gera í dæminu fyrir ofan. Þetta dæmi er öðruvísi en hin dæmin að því leyti að mælandinn sjálfur kemur með aðra tilgátu án neitunnar beint á eftir *nei*. Viðmælandinn hins vegar skilur orðaleitina sem lokaða og sér enga ástæðu til þess að lagfæra. Við skulum líta á nokkur dæmi í viðbót.

Orðaleitin sem kemur fyrir í rununni hér fyrir neðan (dæmi 3) er öðruvísi en dæmi 1 að því leyti að hér er um að ræða sjálfsprottna sjálflagfæringu en ekki annarslagfæringu. M.ö.o. er það Emma sem setur fram bæði uppsprettu lagfæringar-innar og einnig niðurstöðu orðaleitarinnar. Hins vegar er hér ekki um að ræða lotuinnfellda lagfæringu eins og tilfellið var í dæmi 2. Dæmi 3 byrjar í línu 224 þar sem Emma skiptir um umræðuefni og fer að tala um einhvern trúð. Umræðuefnisskiptin sjást m.a. í því að Emma hækkar róminn í línu 224 og auk þess kemur í ljós seinna í runinni (lína 236) að Emma og Benni eru að fara að horfa á trúð (mögulega kvikmynd), vegna þess að Benni segir: *við ætlum að horfa á trúð*. Fyrir í samtalinu hefur umræðuefnið ekki tengst því sem Emma segir í línu 224.

4.3 Dæmi 3: Trúður

	224	*EM:	OG NÚNA ER ÞA:::Ð (0.4) æji hvað heitir það á íslensk aftur
→	225	(.) rú? (0.4) nei,	
	226	(2.3)	
	227	*EM:	u:::h (.) ú-
	228	(1.1)	
	229	*EM:	ha (.) ☹ æj kva ert det hedder ☹ ((á dönsku))
	230	(1.4)	
	231	*EM:	trúður?
	232	(0.7)	
	233	*BE:	trúður?
	234	(0.5)	
	235	*BE:	[>við ætlum að horfa á<]
	236	*EM:	[trú-] (.) trú:ður
	237	*BE:	við ætlum að horfa á trúð
	238	(0.7)	

239 *EM: trú:- trú::ð (.) [já]

240 *BE: [já]

Sem fyrr segir byrjar Emma í línu 224 á umræðuskiptum, hún hækkar róminn: *OG NÚNA ER ÞA:::Ð (0.4)* hér sjáum við strax sjálfsuppsprettu lagfæringar; Emma lengir sérhljóðið *a-* í *það* og inn kemur stutt hlé. Næst kemur skýrt merki um að hún hafi byrjað orðaleit með örstuttri pásu: *æji hvað heitir það á íslensk aftur (.)* og eftir þessa pásu kemur Emma aftur með sömu formgerðina: *rút? (0.4) nei*, (lína 225). Hér er þannig tilgátan *rút?* með rísandi tilraunartón, síðan stutt þögn og svo sjálfneitun með fallandi tóni. Hér er frekar óljóst hvað Emma á við, og það gæti verið ástæðan fyrir því að Benni kemur henni ekki til hjálpar á þeim rúmu tveimur sekúndum sem næsta þögn varir. Síðan lengir Emma hugsunartíma sinn í línu 227 með því að koma með langt *u::h*, örstutta þögn, hún byrjar aftur á sérhljóðinu *ú-* sem hún notaði í orðinu *rút* en hættir strax við. Eftir rúma sekúndu hlær Emma (lína 229) og segir með hlátursrödd og á dönsku: *æj kva ert det hedder*. Hér notar Emma það sem á ensku er kallað *code-switching* (Færch & Kasper 1983) sem merkir að mælandinn skiptir annaðhvort yfir í fyrsta eða þriðja tungumál (í þessu tilfelli fyrsta tungumál, móðurmál mælandans, dönsku) og notar í tali þeirra orð eða segð á því máli án þess að þýða fyrir við-mælandann. Þetta fyrirbæri er hjá Færch og Kasper skilgreint sem ósamvinnufúst ferli mælanda (e. *non-cooperative strategy*). Það má þess vegna halda því fram að með því að nota móðurmál sitt geri Emma Benna það ljóst að hún sé fær um að klára orðaleitina sína á eigin spýtur, að hún sé með orðið og á leiðinni að komast að niðurstöðu. Hún gefur hér til kynna að hún viti að tilgáta hennar sé röng og að hún þurfi aðeins meiri tíma til að klára orðaleitina.

Þetta mætti rökstyðja enn frekar með tilliti til þess að eftir lotu Emmu í línu 229 kemur rúmrar sekúndu þögn þar sem Benni kemur ekki inn með tilgátu eða lagfæringu. Á eftir þögninni kemur Emma hins vegar með aðra tilgátu: *trúður?* (lína 231) sem hún merkir með rísandi tilraunartón. Þetta gæti þó alveg eins verið niðurstaða orðaleitarinnar og staðfestist með því að Benni endurtekur nákvæmlega tilgátuna og samþykkir hana þannig: *trúður?* (lína 233). Hann segir þetta auk þess líka með rísandi tón sem gæti hér verið merki um að Benni noti endurtekninguna sem endurgjöf eða að hann vilji fá frekari útskýringar á því hvaða trúð sé um að ræða. Hann bíður hins vegar ekki lengi eftir svári en spýtir hratt úr sér (hann talar áberandi hraðar, merkt með ><): *við ætlum að horfa á* (lína 235). Benni kemst þó ekki lengra því að Emma byrjar að tala á sama tíma þar sem hún endurtekur orðið *trúður*, fyrst hættir hún við en síðan klárar hún endurtekninguna

(lína 236): *trú-* (.) *trú:ður*. Þetta virðist vera æfing á framburðinum sem Emma framkvæmir hér frekar en óvissa um réttleika orðsins vegna þess að hún leggur áherslu á sérhljóðið *ú* og lengir það. Benni bregst þó ekki beinlínis við þessu, heldur segir hann aftur (lína 237): *við ætlum að horfa á trúð*. Hér gæti verið um að ræða innifalda lagfæringu (e. *embedded repair*) þar sem Benni gæti verið að lagfæra fallið á orðinu *trúður* vegna þess að hann kemur hér með rétta setningu sem segir á fullnægjandi hátt frá því sem er næst á dagskrá hjá þeim. Emma endurtekur þó aðeins orðið sem orðaleitin snerist um (lína 239): *trú:- trú::ð* (.) þar sem hún æfir líka framburð sinn með því að lengja sérhljóðin. Síðan kemur örstutt pása og á sama tíma segja þau bæði *já* (línur 239–240) og ljúka þannig orðaleitinni.

Dæmi 3 er líkt dæmi 2 að því leyti að hér gerir viðmælandinn ekki fyrstu tilgátu mælandans: *rút?* að beinu umræðuefni. Hann bíður hins vegar þangað til Emma hefur sjálf komið með niðurstöðu úr orðaleitinni sem Benni samþykkir. Niðurstaða Emma *trúður?* er rétt og þetta gæti verið ástæðan fyrir því að Benni samþykkir hana beint í þessu dæmi en gerði ekkert í dæmi 2 fyrir ofan þar sem niðurstaða hennar var vitlaus. Það virðist þannig vera eins og Benni gerir tilgátu að beinu umræðuefni ef hún er rétt eins og við sáum einnig í dæmi 1d þar sem Benni samþykkti það þegar Emma tók upp niðurstöðu hans: *skrifborð*.

Hér á eftir verður litið á síðasta dæmi frá Emmu. Dæmið hér fyrir neðan er öðruvísi en öll hin dæmin að því leyti að hér er ekki um að ræða orðaleit Emmu heldur sjálfsuppsprettu lagfæringar frá Benna sem byrjar orðaleit. Í þessari orðaleit finnur Emma aftur tækifæri til þess að nota sömu formgerð og hún hefur gert í hinum dæmunum. Þegar við komum inn í samtalið hefur Emma nýlega spurt Benna hvort hann sé að gera *ponytail* og hefur í því samhengi sagt frá því að orðið á dönsku sé eins og bein þýðing úr ensku: *hestehale*. Benni kom síðan með þá fullyrðingu að það heiti *hestahali* á íslensku nema að hestar hafi ekki hala á Íslandi:

4.4 Dæmi 4: Hestar eru ekki með hala

- 325 *EM: eru (1.3) þeið ekki með hala
 326 (0.5)
 327 *BE: hestar?
 328 (.)
 329 *EM: já?
 330 *BE: nei,

- 331 (.)
- 332 *EM: af hverju?
- 333 (1.3)
- 334 *BE: af því þeir eru með (1.8) hérn[a::::]
- 335 *EM: [tail?]
- 336 (0.9)
- 337 *BE: hm?
- 338 (1.9)
- 339 *EM: tail?
- 340 (2.5)
- 341 *BE: já: það heitir eitthvað annað þeir eru ekki með hala
- 342 (1.3)
- 343 *EM: manki? (.) nei,
- 344 (0.9)
- 345 *EM: eða svon[a]
- 346 *BE: [a]par eru með hala
- 347 *EM: hvað heitir það manki?
- 348 (0.8)
- 349 *BE: u:h fax
- 350 (0.7)
- 351 *EM: fax?
- 352 *BE: [mhm]
- 353 *EM: [☺ h ☺] (0.3) ☺ (það) hedder manke á dansk ☺
- 354 (1.5)
- 355 *BE: ja::á (0.5) hestar eru með fax? (1.7) og þeir eru með (2.9) æj ég
- 356 man ekki hvað það heitir það er ekki hali
- 357 (2.1)
- 358 *EM: þú veist það ekki?
- 359 (1.5)
- 360 *EM: benni, (1.8) ((potar í eitthvað)) þú er íslensk

Emmu hefur í þessu samtali greinilega fundist svolítið skrytið að Benni haldi því fram að hestar hafi ekki hala á Íslandi, og í línu 325 er Emma ekki ennþá sannfærð um að hann

hafi rétt fyrir sér. Hún kemur með fyrripart af lotupari: *eru (1.3) þeið ekki með hala*, Benni kemur ekki strax með seinnipart af þessu pari heldur kemur hann með annan fyrripart sem hann merkir með spurnartón: *hestar?* (lína 327). Emma kemur hér strax með seinnipartinn: *já?* (lína 329) einnig merkt með spurnartón, og þá kemur Benni með seinnipartinn af fyrsta lotuparinu: *nei*, (lína 330) þetta segir hann með fallandi tóni. Hér er því um að ræða innfellda runu (línur 327 og 329) sem kemur milli fyrriparts og seinniparts af lotuparinu sem við sjáum í línunum 225 og 330.

Emmu finnst þetta greinilega ennþá undarlegt að *hestar* hafi ekki hala á Íslandi og hún spyr þá í línu 332: *af hverju?* Þessi lota er þá líka fyrripartur lotupars og í línu 334 kemur Benni með seinnipartinn: *af því þeir eru með (1.8) hérna:::*. Í þessari lotu eru skýr merki um að orðaleit hafi verið sett í gang, þessi merki eru staðsett á undan vandræðaorðinu og hér er um að ræða merki eins og þögn upp á nánast tvær sekúndur, hikorðið *hérna* og lenginguna á síðasta sérhljóði hikorðsins. Í skörun við hikorð Benna kemur Emma með tilgátu í tungumálaskiptum og með rísandi tilraunatóni (lína 335): *tail?* Öfugt við notkun tungumálaskipta sem kom fram í dæmi 3 er Emma hér að nota skiptin til þess að koma Benna til hjálpar vegna þess að hún notar hér þriðja tungumál sitt, ensku, í stað móðurmálsins, dönsku. Í lotu hennar í línu 335 gæti verið um að ræða tilgátu eins og fram hefur komið, en þetta gæti hins vegar líka verið bein spurning til Benna þar sem Emma leitast eftir að fá að vita um hvað hann er eiginlega að tala. Benni virðist skilja lotu hennar sem hvorttveggja: *já: það heitir eitthvað annað þeir eru ekki með hala*, (lína 341) hér kemur hann fyrst með jákvætt svar svipað svarinu sem við sáum Stein gefa Emmu í dæmi 1 (sbr. *ja::á þú mátt segja það en það heitir skrifaborð*). Þannig er Benni að gera tvennt í einu hér: í fyrsta lagi staðfestir hann að hann er að reyna að finna íslenska orðið yfir *tail*, í öðru lagi segir hann að það heitir eitthvað annað en *tail* eða *hali*. Á milli lína 335 og 341 kemur aftur innfelld runa þar sem Benni virðist ekki hafa heyrt tilgátu Emmu úr línu 335 og hann segir *hm?* (lína 337) með spurnartóni sem er fyrripartur lotuparsins. Emma kemur strax með seinnipartinn (lína 339): *tail?* sem er alveg í samræmi við væntingar okkar um að fá endurtekingu við *hm?* eða *ha?*

Í línu 343 sjáum við Emmu nota formgerðina sem hún hefur notað í hinum dæmunum hér fyrir ofan: *manki?* (.) *nei*. Emma kemur með tilgátu með rísandi tilraunartón, svo kemur stutt þögn og síðan sjálfsneitun með fallandi tóni. Þessi tilgáta er athyglisverð vegna þess að, eins og við eigum eftir að sjá, er þetta bein þýðing á danska orðinu *manke* sem þýðir *fax*. Þetta er þannig ekki tilgáta sem getur virkað fyrir orðið *tail* eða *hali*. Þetta gæti í staðinn verið tilraun sem Emma gerir til þess að hjálpa Benna að

komast á sporið. Þar að auki er athyglisvert að Emma notar þessa formgerð þótt hér sé ekki um að ræða orðaleit sem hún sjálf hefur haft frumkvæði að. Kannski notar Emma hér neitunina *nei* vegna þess að hún veit að *manke* og *hale* á dönsku er ekki sami hluturinn og hljóta þá líka að vera ólík orð á íslensku líka.

Benni bregst ekki við tilgátu hennar og eftir tæpa sekúndu segir hún í línu 345: *eða svona*, sem gegnir því hlutverki að draga ennþá meira úr tilgátunni. Benni er hins vegar á allt öðrum slóðum og segir í skörun við lotu Emmu í línu 346: *apar eru með hala*. Þetta gæti verið tilraun til þess að útskýra frekar fyrir Emmu að orðið *tail* hafi mismunandi þýðingar á íslensku allt eftir því um hvaða dýr er að ræða. Emma bregst þó ekkert við þessu heldur kemur hún með beina spurningu og fyrri part af lotupari í línu 347: *hvað heitir það manki?* Hér gæti annaðhvort verið um að ræða spurningu sem merkir: er *tail* á íslensku *manki*? eða spurningu sem merkir: hvað heitir *manke* á íslensku? Emma endurtekur tilgátu sína og gefur þar með til kynna í fyrsta skiptið í þessum dæmum sem hér hafa verið skoðuð, að hún er ekki alveg búin að slá tilgátuna út af borðinu. Hún gerir í þessu tilfelli virka tilraun til þess að fá tilgátu sína annaðhvort samþykkt eða afsannaða, hér gerir mælandinn sjálfur þannig tilgátuna að beinu umræðuefni og Benni kemur með seinnipart lotuparsins í línu 349: *u:h fax*. Emma endurtekur orðið *fax*? (lína 351) með rísandi tón sem hér gæti verið spurnartónn. Benni skilur tóninn greinilega sem spurnartón því að hann staðfestir niðurstöðuna í línu 352: *mhm*. Næst kemur vísbending um að Emma hafi vitað að hér væri ekki um að ræða orð yfir *tail* því að í línu 353 hlær hún og segir með hlátursrödd: ☺ (*það*) *hedder manke á dansk* ☺. Í næstu lotu notar Benni einmitt orðið *fax* með rísandi tón sem hér gæti verið tilraunartónn til þess að komast á sporið: *ja::á (0.5) hestar eru með fax? (1.7) og þeir eru með (2.9) æj ég man ekki hvað það heitir það er ekki hali* (lína 355–356). Hér eru mörg skýr merki um að orðaleit sé í gangi: Benni tekur sér langar pásur til þess að hugsa, hann notar rísandi tilraunartón í orðinu *fax* og hann lengir sérhljóðið *e* í *með* áður en hann að lokum gefst upp og engin niðurstaða fæst úr orðaleitinni.

Emma kemur í línu 358 með fyrripart af lotupari: *þú veist það ekki?* Hér myndum við búast við að fá annaðhvort jákvætt eða neikvætt svar en ekkert svar kemur og eftir eina og hálfu sekúndu segir Emma (lína 360): *benni*, með fallandi tóni, greinilega annaðhvort að stríða honum eða að hneykslast yfir því að hann hafi ekki getað komið með svar. Eftir nánast tveggja sekúndna pásu bætir Emma við: *þú er íslensk* og það heyrir í upptökunni hljóð eins og hún sé að pota í Benna. Það má segja að í dæmi 4 sé um að ræða

sjálfssprottna annarslagfæringu vegna þess að Benni byrjar orðaleitinni sem Emma er síðan ein um að koma með tilgátur í, en það fæst hins vegar aldrei niðurstaða.

Hér að ofan hafa verið skoðaðir fjórir samtalsbútar frá annarsmálshafanum Emmu þar sem umrædd formgerð kemur fram sex sinnum hjá henni og einu sinni hjá móðurmálshafanum Steini. Í gögnunum fannst auk ofangreindra dæma eitt dæmi frá öðrum annarsmálshafa en Emmu þar sem formgerðin kemur fram. Hér var um að ræða unga konu á svipuðum aldri og Emma, Dina heitir hún hér. Hún hefur búið á Íslandi um árabíl en er og var þegar samtalið hér að neðan átti sér stað nýflutt aftur til Danmerkur með íslenska kærastanum sínum og syni þeirra. Í þessu samtali eru Dina og Valdimar (kærasti Dinu) að skoða hús í tölvunni. Í dæminu hér að neðan eru þau að skoða myndir af herbergjunum í húsinu og skiptast á að taka fram atriði sem vekja athygli þeirra:

4.5 Dæmi 5: gardína

- 134 *DI: eitthvað gult (0.5) [er það] bara gardína? (.) [nei],
135 *VA: [mhm] [sýnist] það
137 (2.5)
138 *DI: þetta var nú flott gólf (2.1) steinn eitthvað
139 *VA: mhm

Í þessu litla dæmi sjáum Dinu nota sömu formgerð sem Emma og Steinn notuðu í fyrri dæmunum: *eitthvað gult (0.5) er það bara gardína? (.) nei*, (lína 134) Hér kemur tilgátan: *gardína?* með rísandi tilraunartóni, síðan örstutt þögn og svo *nei*, með fallandi tóni. Það sem er athyglisvert í þessu dæmi er að Valdimar samþykkir tilgátu Dinu í línu 135: *sýnist það* í skörun við neitun hennar við tilgátunni. Þannig gerir hér viðmælandinn tilgátu mælandans að umræðuefni eins og við sáum í dæmi 1, á hinn bóginn er hér um að ræða skörun og að því leyti er dæmið töluvert öðruvísi en dæmin sem fram komu hér að ofan. Í rauninni er ekki hægt að sjá hér hvort Dina sé að neita því að þetta gula sem sést á myndinni sem þau eru að skoða sé í raun og veru gardína eða hvort hún neiti því að gardína sé rétt orð yfir gluggatjöld. Hvort tveggja gæti verið og með svari Valdimars: *sýnist það* (lína 135) fær Dina svar við báðum möguleikum, vegna þess að Valdimar skilur orð hennar greinilega (þetta hefur þá verið rétt orð yfir gluggatjöld) og honum finnst auk þess líklegt að þetta gula á myndinni sé einmitt gardína. Þetta dæmi virðist því vera aðeins óskýrt, en það ítrekar hins vegar fyrir okkur að aðrir málhafar en Emma (og Steinn

sem gæti hafa tekið þetta upp eftir að hafa heyrt formgerðina hjá Emmu fyrr í samtalinu) búa yfir þessari formgerð og nota hana á sama hátt.

5. Umræða og niðurlag

Í gögnunum fundust átta dæmi af formgerðinni *tilgáta* > *þögn* > *nei* og voru þau öll skoðuð hér á undan. Við sáum í flestum dæmum að fyrsta tilgátan sem kemur beint á undan neituninni verður sjaldan að beinu umræðuefni – í dæmi 1 voru tvö tilfelli (dæmi 1a og 1d) þar sem Steinn sem viðmælandi tekur virkan þátt í orðaleitinni. Auk þess var í dæmi 1 eitt tilfelli (dæmi 1b) þar sem Benni gerir tilgátu Steins að beinu umræðuefni (*borðtennis?*), en þetta er þó ekki merki um að Benni taki virkan þátt í orðaleit Emmu, vegna þess að hann gerir grín að tilgátu Steins sem gæti þýtt að hann viti hvað Emma meinti með fyrstu tilgátu sinni (*skrifabor?*) og sér ekki ástæðu til þess að lagfæra. Það má í þessu tilfelli hafa í huga að í beinu framhaldi af tilgátu Steins (*borðtennis?*) kemur hann með beina spurningu (eins og við sáum Emma gera síðan í dæmi 4) og segir: (*ertu að tala um borðtennisborð eitthvað*). Það er ekki fyrr en eftir þessa spurningu að Benni sem viðmælandi kemur inn og endurtekur tilgátuna. Þannig má færa rök fyrir að það er í rauninni Steinn sjálfur sem mælandi sem setur tilgátu sína upp til umræðu. Þetta tilfelli er þannig svipað og tilfellið sem kom fram í dæmi 4 þar sem Emma sjálf gerði tilgátuna sína að beinu umræðuefni með því að spyrja beinnar spurningar (*hvað heitir það manki?*) sem gerir það einnig að verkum að engin annarslagfæring á sér stað hér. Í dæmi 5 kom þar að auki fram tilfelli þar sem tilgátan var samþykkt af viðmælandanum (Valdimar) í skörun við sjálfsneitun mælandans (Dinu) og hér er þess vegna ekki um að ræða annarlagfæringu. Tilfelli tvö í dæmi 1 þar sem Steinn tekur virkan þátt í orðaleit Emmu og lagfærir (eða leiðréttir) tilgátuna skera sig þess vegna úr því eins og fram hefur komið er annarslagfæring af þessu tagi ekki „æskileg“ í samræðum (sbr. Schegloff, Jefferson og Sacks, 1977), enda sést einnig í gögnunum sem safnað var fyrir þessa rannsókn að þessi tegund lagfæringar er töluvert sjaldgæfari en sjálfslagfæring.

Formgerðin var hér á undan skilgreind sem tegund já/nei-spurningar sem mælandinn sjálfur svarar strax og þannig skiptir í rauninni ekki máli hvort tilgátan verði samþykkt eða ekki vegna þess að mælandinn hefur lokið málinu fyrirfram. Viðmælendur

í flestum tilfellum taka ekki virkan þátt í orðaleitinni ef mælandinn hefur neitað tilgátu sinni nema til þess að samþykkja rétta niðurstöðu (eins og í dæmi 3 *trúður?* og dæmi 5 *gardína?*) eða ef mælandinn sjálfur gerir tilgátuna að beinu umræðuefni (eins og í dæmi 1b *borðtennis?* og dæmi 4 *manki?*). Þannig er hægt að draga þá ályktun að með því að neita tilgátu sinni sjálfur er mælandinn fyrirfram sammála viðmælandanum, þótt að annarslagfæring á sér stað (eins og í dæmi 1) er mælandinn þá búinn að bjarga andlitinu.

Það má segja að neitun tilgátna í orðaleitum af þessu tagi gegnir þá félagslegu hlutverki sambærilegu við til dæmis *yeah* hjá Wong (2000). En í þeirri rannsókn fundust aðeins dæmi um formgerðina *tilgáta > þögn > nei* hjá þremur málhöfum og dæmin voru sérstaklega tíð hjá einum annarsmálshafa en komu einungis einu sinni fram hjá hinum tveimur málhöfunum. Þess vegna væri mikil ástæða til þess að skoða fleiri málshafa til þess að komast að því hvort þessi formgerð komi fyrir hjá fleiri mælendum; hvort hún sé bundin við annarsmálshafa eða annarsmálshafa með dönsku að móðurmáli, hvort fleiri börn á máltökuskeiði nota þessa formgerð á sama hátt og hvort þessi formgerð sé líka notuð í móðurmáli málhafa.

Heimildir

- Brouwer, C., E. (2003). Word Searches in NNS-NS Interaction: Opportunities for Language Learning? *The Modern Language Journal*, 87,4:534–545.
- Eskildsen, S., og Guðrún Theodórsdóttir. (2017). Constructing L2 Learning Spaces: Ways to Achieve Learning Inside and Outside the Classroom. *Applied Linguistics*, 38,2:1–23.
- Eskildsen, W., S. og Wagner, J. (2015). Sprogbrugsbaseret læring i en tosproget hverdag. En forskningsoversigt over sprogbrugsbaseret andetsprogstilegnelse og sprogpædagogiske implikationer. *Nydanske Sprogstudier*, 48:71-104
- Færch, C., og Kasper, G. (1983). *Plans and strategies in foreign language communication*. In C. Faerch & G. Kasper (Eds). *Strategies in interlanguage communication* (bls. 20–60). London: Longman.
- Garfinkel, H. (1967). *Studies in Ethnomethodology*. Englewood Cliffs, NJ, Prentice-Hall.
- Guðrún Theodórsdóttir. (2011a). Language Learning Activities in Real-Life Situations:

- Insisting on TCU Completion in Second Language Talk. *L2 Interactional Competence and Development*, bls. 93–116. Ritstj. Joan Kelly Hall, John Hellermann og Simona Pekarek Doehler. Multilingual Matters, Bristol.
- Guðrún Theodórsdóttir. (2011b). Second Language Interaction for Business and Learning. *L2 Learning as Social Practice. Conversation-Analytic Perspectives*, bls. 185–208. Ritstj. Gabriele Pallotti og Johannes Wagner. NFLRC, Honolulu.
- Hutchby, I. og Wooffitt, R.. (2008). *Conversation analysis*. Cambridge: Polity Press.
- Kasper, G. og Wagner, J. (2014). Conversation analysis in applied linguistics. *Annual Review of Applied Linguistics*, 34:1–42.
- Kurhila, S. (2001). Correction in talk between native and non-native speaker. *Journal of Pragmatics*, 33:1083-1110.
- Lilja, N. (2014). Partial repetitions as other-initiations of repair in second language talk: Re-establishing understanding and doing learning. *Journal of Pragmatics*, 71:98–116.
- Sacks, H. og Schegloff, E. A. (1979) Two preferences in the organisation of reference to persons in conversation and their interaction. In Psathas (ed.) (1979), 15–21.
- Sacks H., Schegloff E., og Jefferson G. (1974). A simplest systematics for the organization of turn-taking for conversation. *Language*, 50,4:696–735.
- Schegloff, E. A., Jefferson, G. og Sacks, H. (1977). The Preference for Self-Correction in the Organization of Repair in Conversation. *Language*, 53,2:361–382.
- Schegloff, E. A. (1979). The relevance of repair to syn-tax-for-conversation. Í T. Givón (Ed.), *Syntax and semantics: Discourse and syntax*, 12:261–299.
- Seedhouse, P. (2004). *The Interactional architecture of the language classroom: A conversation analysis perspective*. Oxford, Blackwell.
- Þórunn Blöndal. (2005). *Lifandi mál. Inngangur að orðræðu- og samtalsgreiningu*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Wong, J. (2000). The token “yeah” in nonnative speaker english conversation. *Research on Language & Social Interaction*, 33,1:39–67.

Listi yfir tákn

(0.5)	númer innan sviga merkir lengd þagna mælt í tíundu hlutum úr sekúndu.
(.)	merkir þögn sem er styttri en 0.2 sekúnda.
orð,	komma merkir fallandi tón.
orð?	Spurningarmerki merkir rísandi tón, en ekki endilega spurningu.
<orð>	orð sem standa innan hornsviga sem vísa <i>frá</i> orðinu sjálfu eru sögð áberandi hægar.
>orð<	orð sem standa innan hornsviga sem vísa <i>að</i> orðinu sjálfu eru sögð áberandi hraðar.
°orð°	merkir að mælandinn lækkar róminn.
ORD	hástafir merkja að mælandinn hækkar róminn.
☺	lítill broskarl báðum megin við segð (e. <i>utterance</i>) merkir að mælandinn talar með hlátursrödd/brosandi rödd (e. <i>smile-voice</i>).
[orð]	innan hornklofa eru orð eða einstök hljóð sem mælendur segja í skörun (e. <i>overlap</i>) hverjir við aðra.
((orð))	innan tvöfaldra sviga er athugasemd frá afritara/höfundu eða hljóð sem heyrir í samtalinu sem er ekki tal.
*	stjarna merkir að mælandi talar með brakandi rödd (e. <i>creaky voice</i>).
<u>orð</u>	undirstrikað hljóð merkir að mælandinn leggur sérstaka áherslu á hljóðið.
or-	bandstrik merkir að mælandinn hættir við orðið (e. <i>cut-off</i>).
o:rð/o:::rð	tvípunktur merkir lenging á undanfarandi hljóði, því fleiri tvípunktar því lengra er hljóðið. Gengið er út frá því að hljóðið sjálft sé 0.1 sekúnda og hver tvípunktur fyrir sig stendur einnig fyrir 0.1 sekúndu.
or(ð)	bókstafir eða orð innan einfaldra sviga merkja að hljóð eða orð heyrir óskýrt.
??orð??	fjögur spurningarmerki utan um orð merkja að afritari/höfundur er ekki viss um hvað er sagt.
∞orð∞	merkir að orð er sagt „á innsoginu“.
→	merkir línuna þar sem dæmið byrjar.